

flutningsmannanna Eggert Claessen og Sigurðar Lýðssonar 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. október 1917.

Nr. 46/1917:

Sigurður Kristjánsson
 gegn
 Einari Þorgilssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Einar Þorgilsson kaupmaður í Hafnarfirði fyrir aukarjetti Hafnarfjarðarkaupstaðar gegn áfrýjanda Sigurði Kristjánssyni sýsluskrifara sama staðar, fyrir meiðyrði, er áfrýjandi hefði haft um sig á opinberum málfundi, er haldinn var í Hafnarfirði 20. okt. 1916, og áfrýjandi ásamt nokkrum öðrum mönnum hafði boðað til, en ummæli þau, er stefndi átaldi voru þau, að hann Einar Þorgilsson, hefði aldrei meðan hann var bæjarfulltrúi í Hafnarfirði mætt á fundum bæjarstjórnarinnar, nema þegar þau málefni voru á dagskrá sem snertu hans eigin hag eða þegar hann þurfti að verja eigin hagsmuni sína. Krafðist Einar Þorgilsson þess að áfrýjandi yrði dæmdur til refsingar fyrir þessi ummæli, að þau yrðu dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu. Áfrýjandi höfðaði þá af sinni hálfu gagnsök á hendur stefnda út af ummælum, er hann

taldi að stefndi hefði haft um sig á nefndum fundi og eru ummælin þau: »Þessi maður kom til mín fyrst er hann kom hingað til bæjarins og hafði þá ekkert að jeta og falaði atvinnu hjá mjer, en jeg hafði þá ekkert annað handa honum að gera en að afhausa þorsk« og »Enginn tekur mark á orðum þessa manns — ómerk eru ómagaorð«, ennfremur krafðist hann að stefndi yrði dæmdur til refsingar fyrir lítilsvirðandi látbragð gegn sjer og gjörði að öðru leyti þær kröfur að hin stefndu ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk, stefndi dæmdur til refsingar fyrir þau og til málskostnaðargreiðslu. Voru mál þessi dæmd í nefndum rjetti 3. maí þ. á., þannig að áfrýjandi var í aðalmálinu dæmdur samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna í 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 8 daga einfalt fangelsi, hin átöldu ummæli um stefnda dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum 30 kr. í málskostnað. Í gagnsökinni voru nokkur ummæli stefnda um áfrýjanda dæmd dauð og ómerk, en að öðru leyti var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda.

Dómi þessum ásamt úrskurði uppkveðnum undir rekstri málsins hefir Sigurður Kristjánsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. júní þ. á. og hefir hann gjört þær kröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi og málinu vísað heim aftur í það ástand, er það var í áður en úrskurðurinn var uppkveðinn, en til vara að dóminum verði breytt þannig að áfrýjandi verði sýknaður í aðalsökinni en í gagnsökinni verði stefndi dæmdur í sekt fyrir hin umstefndu ummæli, að þau verði dæmd dauð og ómerk

og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum rjettum eftir mati yfirdómsins. Einar Þorgilsson hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 24. júlí þ. á. og krefst hann þess aðallega að hin ídæmda refsing verði þyngd og málskostnaðarupphæðin fyrir undirrjetti hækkuð, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi hvernig sem málið fer. Við fyrstu fyrirtekt málsins í hjeradi óskaði stefndi Einar Þorgilsson að leiða vitni um hin átöldu ummæli. Áfrýjandi mótmælti þá vitnaleiðslunni sökum þess að hún væri orðin um seinan samkvæmt N.L. 1—13—22, og auk þess hjelt hann því fram, að þar sem 14 dagar — á að vera 11 dagar — hefðu líðið frá fundi þeim. er gaf tilefni til málsins, þar til það var kært fyrir sáttanefnd og því næst 9 dagar frá sáttafundi þar til réttarstefna var gefin út, hefði stefndi dregið málið að óþörfu, og hefði með þeim drætti glatað rjetti sínum til að láta vitnaleiðslu fara fram.

Þessi mótmæli tók hjeradsdómarinn ekki til greina og úrskurðaði að vitnaleiðslan skyldi fram fara. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins ásamt aðalmálinu, og heldur hann fram hjer fyrir rjettinum sömu mótmælum gegn vitnaleiðslunni og fyrir undirrjetti.

Þessi mótmæli gegn vitnaleiðslunni verða þó ekki tekin til greina, með því að líta verður svo á að stefndi hafi hraðað svo málatilbúnaðinum í hjeradi og komið máli sínu þar fyrir rjett svo fljótt sem föng voru á eftir öllum atvikum, enda ekki haldið neitt

reglulegt þing á tímabili því, er um er að ræða, en vitnaleiðslan fór fram fyrsta fyrirtektardag málsins í hjerði og verður fyrir því að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð.

Áfrýjandi hefir neitað því að hann hafi viðhaft hin umstefndu ummæli um stefnda, en þrátt fyrir þessa neitun má þó telja það sannað með mörgum vitnisburðum, að ummæli áfrýjanda hafa fallið á þennan veg.

Áfrýjandi hefir reynt að rjettlæta áburð sinn á stefnda og hefir í því skyni lagt fram útdrætti úr gjörðabókum bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar, en útdrættir þessir bera það með sjer að ummælin eru á engum rökum byggð og ósönn. Þau eru freklega meiðandi og móðgandi fyrir stefnda og staður og stund þannig valin að það jók mjög hið meiðandi í orðunum. Það ber því að dæma áfrýjanda í sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna og þykir sektin hæfilega ákveðin 60 kr. og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd á rjettum tíma.

Svo eiga ummælin að vera dauð og ómerk. Um ummæli þau, er áfrýjandi hefir átalið, er það að segja að klausan »Þessi maður kom til mín . . . afhausaporsk« getur ekki talist svo saknæmur áburður á áfrýjanda að þau meiði ærurjett hans og verður stefndi því ekki dæmdur fyrir þau, þótt sönnuð væru. Um hin önnur átöldu ummæli »Enginn tekur mark á orðum þessa mans, ómæt eru ómagaorð« hafa vitni borið að stefndi hafi viðhaft þau um áfrýjanda.

Stefndi hefir eindregið neitað því að orðin hafi

fallið þannig og sjerstaklega hefir hann neitað því að orð sín hafi haft eins yfirgripsmikla og almenna merkingu og hin umstefndu, heldur hafi hann í ræðu sinni að eins tekið fram að hann teldi vist að engin tæki mark á aðdróttunum áfrýjanda í sinn garð. Það er viðurkent að ræða stefnda, sem hin átöldu ummæli eiga að hafa staðið í, var andsvar hans gegn ræðu áfrýjanda, sem frammannefnd árásarorð voru í. Þar sem nú ekki er upplýst í hvaða sambandi orð stefnda »engin tekur mark á orðum þessa manns« stóðu, eða um það hvort þessi ummæli stefnda hafa haft almenna viðari merkinu eða verið sögð í þrengri merkingu eins og hann heldur fram og þá eigi gengið lengra en leyfilegt var, verður stefndi eigi sektaður fyrir þau, og er þá heldur eigi ástæða til að dæma þau dauð og ómerk.

Hins vegar er það sannað að stefndi hefir viðhaft orðin »ómerk eru ómagaorð« og beint þeim að áfrýjanda. Þessi orð sögð ófyrirsynju og út af fyrir sig eru að visu móðgandi, en þegar þess er gætt að þau voru notuð sem andsvar gegn ósönnum allósvifnum persónulegum aðdróttunum um stefnda, þykir ekki rjett að dæma hann til refsingar fyrir þau. Aftur á móti eiga ummæli þessi að vera dauð og marklaus.

Að stefndi hafi á umræddum fundi sýnt áfrýjanda svo lítilsvirðandi látbragð að refsivert sje er ósannað, og verður því krafa áfrýjanda um ábyrgð á hendur stefnda fyrir það ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm með þeirri breytingu á upphæð sektarinnar og vararefsingarinnar, sem að framan er nefnd. Eftir

Þessum úrslitum virðist rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Sigurður Kristjánsson greiði sekt í landssjóð 60 kr. eða sæti 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Að öðru leyti á hinum áfrýjaða dómi að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda Einari Þorgilssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Dómi þessum skal fullnægja áður en liðnar sju 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 12. nóvember 1917.

Nr. 66/1916:

Hlutafjlagið Em. Z. Switzers
Bjergnings-Entreprise
í Kaupmannahöfn
gegn
Axel Andersen
f. h. eigenda og vátryggjenda
skipsins »Asta«.

Dómur:

Hinn 17. ágúst 1915 strandaði fiskigufuskipið »Asta« frá Frederikshavn á ytri enda Hríseyjar á